

Fjárfestingafélagið Hvammur ehf.

Stjórnarfundur

Fimmtudaginn 14. september 2023 var haldinn stjórnarfundur. Fundurinn var haldinn í Búðardal og hófst hann kl. 11:00.

Fundinn sátu: Garðar Freyr Vilhjálmsson, Andri Þór Árnason og Ingibjörg Þórunn Steinudóttir. Andri Þór ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Verkaskipting

Samþykkt var að skipta hlutverkunum á eftirfarandi hátt:
Ingibjörg Þórunn Steinudóttir, stjórnarformaður
Garðar Freyr Vilhjálmsson, meðstjórnandi
Andri Þór Árnason, meðstjórnandi og ritari

2. Heimasíða

Andri Þór fylgir eftir heimasíðumálum og tekur við boltanum frá Pétri.

3. Samningur við Dalabyggð varðandi bókhaldsþjónustu

Rætt um að greiða Dalabyggð fyrir bókhaldsþjónustu fyrir félagið, Ingibjörg sér um samningsgerð við Dalabyggð.

4. Síbería

Kominn er leigjandi af fasteigninni unnið er að því að gera leigusamning við leigjanda.

5. Fundartími

Stefnt er á að hafa fasta fundartíma hjá stjórn. Lagt til að þeir verði fyrsta þriðjudag hvers mánaða frá og með nóvember 2023.

6. Önnur mál

Rætt um tillögur að byggingu á atvinnuhúsnæði í samstarfi við sveitastjórn, markmið er að undirbúningsvinnu ljúki fyrir lok árs 2023.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:30.

Fundargerð staðfest í tölvupósti:

Andri Þór Árnason

Garðar Vilhjálmsson

Ingibjörg Þórunn Steinudóttir